

Afstöðumynd

1 : 500

Hnitaskrá

Punktur	Austur	Norður
L1	520970.523	608761.212
L2	520933.552	608759.381
L3	520932.818	608796.361
L4	520969.811	608797.095

Byggingarlýsing

Fjölbýlishús við Lokastíg 6, 620 Dalvík.

Mhl. 01-02
Landnúmer: L232529
Staðgreinir: 6400-1-
Fasteignanúmer: F2518148

Almenn lýsing
Lokastígur 6 er fjölbýlishús á tveimur hæðum með 6 íbúðum alls. Allar íbúðirnar eru 3 herbergja. Stakstæð geymslubygging er á lóð með sameiginlegri geymslu fyrir hjól og vagna ásamt geymslum fyrir íbúðir. Húsin eru timburhús unnin úr einingum, klætt með Cembrit klæðningu og brunavarinni timbur klæðningu. Einingarnar eru framleiddar af vottuðum aðila og er allt efnisval vottað og CE merkt. Einingarnar koma á verkstað og er hver íbúð samansett úr tveimur einingum. 1.hæð og 2.hæð í MH01 eru jafn stórar brúttóflatarmál 220,18 m^2 og MH02 er 30,68 m^2 í brúttóflatarmáli.

Stærð lóðar: 1348,2 m^2

MH01
Brúttóflötur: 567 m^2
Rúmmál: 1616,5 m^3
Nýtingarhlutfall: 0.42

MH02
Brúttóflötur: 30,7 m^2
Rúmmál: 63,0 m^3
Nýtingarhlutfall: 0.02

Samtals Nýtingarhlutfall: 0.44

Bílastæðafjöldi er 8 við húsið, austan megin við bygginguna og þar af er eitt bílastæði fyrir hreyfihamlaða skv. gr. 6.2.4 í byggingarreglugerð. Aðkoma að húsinu er í austri en gengið er inn í íbúðir norðan megin.

Undirstöður: 200 mm steypa og 100 mm einangrun við sökkla.

Botnplata: Er timburplata og uppbyggð eftirfarandi, 8 mm parket með 6 mm undirlagi vegna hljóðvistar eða 10 mm flísar. 22 mm OSB plata, 44 X 244 mm timbureiningar með steinull á milli, 9 mm Cembrit vindvarnarlag.

Útveggir: Timburveggir uppbyggðir á eftirfarandi hátt, 69 x 144 mm grind sem er einangruð með 144 mm steinull. Að utanverðu er ramminn klæddur með 9,5 mm plötum ásamt vindvarnarlagi. Loftunargrind er 28 x 90 mm samkvæmt kröfum framleiðanda. Klæðningar eru Cembrit í dökkgráum lit og timbur. Að innanverðu er rakavarnarlag og 44 x 44 mm lagnagrind fyllt með 42 mm steinull. Lagnagrindin er svo klædd með gifsi.

Milliplata: Timburplata uppbyggð á eftirfarandi hátt, 8 mm parket eða flísar með undirlagi vegna hljóðvistar. 22mm OSB plata, 244mm timbureiningar með steinull á milli með stálvír til að halda uppi einangrun. 90 mm loftbil, 15mm OSB plata, 120mm timbur og einangrun, rakavarnalag, lagnagrind, 12,5 mm eldvörn(gifs) 2 X 15 mm gifs.

Léttir veggir milli íbúða : EI-90 uppbygging er eftirfarandi, timburveggur, klæðning í flokki 1, 2 x 15 mm gifsklæðning, 69 x 120 mm lagnagrind,10mm OSB plata, 30mm loftunarbil, Paroc eXtra einangrun,10 mm OSB , 69 x 120 mm lagnagrind, 2 x 15 mm gifs, klæðning í flokki 1. Í votrýmum er klæðning og gifs vatnsvarið.

Léttir innveggir: 12,5 mm gifs,12 mm OSB, Timburrammi 44x94 mm með einangrun, 12 mm OSB, 12,5mm gifs. Uppbygging veggja á baðherbergjum er samskonar, 12,5 mm Gifs, 12 mm OSB, 44X94 mm timburrammi með einangrun, 12 mm OSB, 12,5 mm vatsvarnarlag, 10 mm flísar.

Þak: er byggt upp með 44 x 219 mm timburramma einangruðum með steinull, vindpappi, 44x74mm loftunargrind, 18 mm OSB, 8mm bræddur þakpappi. Fyrir neðan rammann verður rakavarnarlag og lagnagrind 28x90mm klædd með 2x 12,5 mm gifsi. Þakhalli er 2°, skal loftunarop inn og út úr hverju loftbili vera minnst 1.000 mm² fyrir hvern m² þakflatar . Þakkantar eru álklæddir í dökkum lit sem og þakrennur og þakniðurföll úr áli sömuleiðis dökk grá í samræmi við gluggalit.

Gluggar og hurðir: Eru úr timbri og samkvæmt íslenskri hefð. Öll málmefni í gluggum eru ryðfrí. Gluggar verða í dökkum lit að utan sem innan. Gler sem er nær gólfi en 600mm er úr hertu gleri. Hurðir eru timburhurðir með gleri í. Sparklisti eru úr áli.

Stigi: Stigi er yfirbyggður. Stigahandrið er stálhandrið og uppfyllir reglugerð varðandi hæð og breidd á milli handlista. Stærðir trappa mun uppfylla umferðaleiðir fyrir sjúkrabörur og almenna umferð. Sömuleiðis handrið verður þannig úr garði gert að stigi gagnist sem flóttaleið í bruna.

Timburveggur skilur að stiga og svalgang sem hefur brunakröfuna E30.

Svalir: Eru byggðar upp með CLT (krosslímt timbur) klæddar að ofan en eldtefjandi plötuklæðningu að neðan til að uppfylla brunakröfur. Svalahandrið er stálhandrið með pílórum og stálhandlista Skv. reglugerð 6.5.1. & 6.5.2. Efri brún handriðs er 1100mm. Skv. reglugerð 6.5.1. & 6.5.2 Milliveggir á milli svala eru úr timbri. Sömuleiðis á 1.hæð eru skjólveggir við svalapalla úr timbri.

Svalagangur: Eru byggður upp með CLT 145mm (krosslímt timbur)yfirborð er klætt með endingargóðu efni sem uppfyllir brunakröfur. Yfirborð er hálkufrítt. Svalagangur er klæddur að neðan úr efni sem er eldtefjandi(Cembrid eða sambærilegu) til að uppfylla brunakröfur.

Svalahandrið er stálhandrið með pílórum og með einföldum stálhandlista. Efri brún handriðs er 1100mm. Til að hamla innsýn inn að herbergjum eru á svalagöngum undir gluggum gróðurkassar.

Inntök og lýsing lagnaleiða
Inntök eru í hjóla og vagnageymslu. Varmaskiptir er á heitu neysluvatni við inntak. Hringrásar lögn og dæla á heitu neysluvatni til að tryggja að hitastig í lögn sé á bili 60°C til 65°C. Lagnir í gólfplötu skulu verar úr krossbundnu HD Polytehylen (PEX) skv. DIN 16892/3 með súrefnisvörn eða sambærileg. Hlífðarrör skulu vera úr Polyethylen. Lagnir upp að húsi og tæki skulu verar úr krossbundnu Poyethylen samkvæmt DIN 16892/3 Framleiðandi sér til að að allt lagnaefni uppfylli 120.1 mg.byggingareglugerða.

Vatnslagnir: Allar lagnir liggja í gólfplötu eða lagnastokkum. Við öll hreinlætistæki skulu vera stoppkranar. Blöndunartæki í sturtum skulu vera hitastýrð til að tryggja að hitastig fari ekki yfir 55°. Öll hreinlætistæki skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til hreinlætistækja í flokki 1. Efni og frágangur í samræmi við ÍST 67. Ofnar skulu framleiddir skv. IST EN 442

Skólplagnir: Rör skulu vera hljóðdeyfandi plaströr. Setja skal brunavarnakraga við öll plötuskil og/eða þar sem farið er á milli brunahólfa. Útloftunarpípur mega vera úr polyproylen. Allt efni og allur frágangur skal uppfylla IST 68.

Upphitun
Upphitað með ofnakerfi. Handklæðaofn í blautrými. Valdir ofnar skulu framleiddir skv. ÍST EN 442. Ofnalagnir skulu vera stálrör samkv. DIN 2440. DIN 17100 og eða þunnveggja stálrör. Pípur og pípuefni skal einangra með 15mm steinullahólkum með áföstum trefjastyrktum áldúk eða sambærilegu. Ekki má nota plastvafning, plastbönd eða annað brennanlegt.

Loftræsing.
Loftræst er frá öllum gluggalausum rýmum (LR) eins og reglugerð kveður á um. Vélræn loftræsing frá eldhúsi og baðherbergjum allra íbúða. Loftræsirör skulu almennt tekin upp úr þaki. Öll önnur rými eru náttúrulega loftræst.

Hljóðvist.
Kröfum um hljóðvist verður fullnægt í samræmi við Byggingarreglugerð nr. 112/2012: 11. hluta hljóðvist - með síðari tíma breytingum, ásamt viðeigandi stöðlum, leiðbeiningum og reglum sem þar er vísað í. Lágmarksgæði hljóðvistar eru þar skilgreind sem hljóðflokkur C í staðlinum
ÍST 45:2016. Hljóðeinangrun lóðrétt milli íbúða verður tryggð með aðskildu burðarvirki í gólfi og lofti og hljóðeinangrun lárétt milli íbúða verður tryggð með tvöföldum veggjum með aðskildum veggjagrindum. Komið verður í veg fyrir hjáleiðslu hljóðs milli íbúða með sértækum útfærslum.

Algild hönnun
Íbúðir á jarðhæð uppfylla kröfur um algilda hönnun. Aðgengi er gott að íbúðum, upphitun er á gangleið frá bílastæði og að útidyrahurð. Nægt rými fyrir snúningshring fyrir framan íbúðir á jarðhæð. Hurðabreiddir þ.e.inngangshurðir, svalahurðir og innihurðir uppfylla kröfu gr.6.4.2. Innihurðir eru almennt þröskuldslausar og opnast inn á við, en á baðherbergjum á jarðhæð er hæglega hægt að láta þær opnast út. Í hverri íbúð er a.m.k. eitt svefnherbergi með hindunarlaust athafnasvæði fyrir hjólastól.

Í alrými stofu og eldhúsi er nægilegt athafnasvæði fyrir hreyfihamlaða. Á baðherbergjum á jarðhæð er tryggt nægt snúningsrými. Sturtan er þreplaus. Nægilegt pláss er við hlið salernis. Bygginging sem er timburbygging er almennt sveigjanleg til að uppfylla kröfur um algilda hönnun. Til að mynda færsla á léttum veggjum og smávægilegum breytingum á innréttingum.

Frágangur lóðar og sorp.
Lóð er skilað graslagðri . Bílastæði eru malbikuð. Hellulagt er frá bílastæði að aðkomuleið og að útitröppum. Gert er ráð fyrir sérafnotareit undir svölum fyrir íbúðir á jarðhæð með samstæðum skjólveggjum. Leitast er við að hafa þann frágang sem snyrtilegastan og í samræmi við heildarbrag hússins.

Meðhöndlun sorps
Sorp er norðan megin við húsið.Fjarlægð frá götu er innan við 10 metra. Frí hæð sorpgeymslu er minnst 1,4m. Gerð skal að öðru leiti vera skv. Gr.84 í reglugerð.

Heildarleiðnitap byggingar verður innan marka byggingarreglugerðar. Hámarks U-gildi byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 180.3 í byggingarreglugerð.

Reiknað U-Gildi byggingarhluta
Útveggur: 0,25 W/m²K
Gluggar: 1,5 W/m²K
Útihurðir: 3.0 W/m²K
Timburþak: 0,18 W/m²K
Gólf: 0,17 W/m²K

Reiknað vegið meðaltal
Vegið meðaltal útveggir/glugga/hurðir 0,57 W/m²K

Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss 15457 W/m²K

BRUNAVARNIR

Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð ÖRUGG verkfræðistofu dags. 14.7.2022. Brunahönnun tekur til sex íbúða fjölbýlishúss við Lokastíg 6 á Dalvík ásamt stakstæðrar byggingar með geymslum íbúða.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Byggingin er í notkunarflokki 3. Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m ^{2}.

Brunaviðvörun
Í hverri íbúð skulu vera stakir reykskynjarar í samræmi við ÍST EN 14604, lágmark einn skynjari á hverja 80 m ^{2}. Mælt er með því að íbúar setji upp reykskynjara í öll svefnrými.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3. Í hverri íbúð skal vera eitt 6l léttvatnstæki með slökkvigetu 21A og 183B. Í eldhúsum er eindregið mælt með eldvarnarteppum. Í hjólageymslu skal vera léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 144B.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Ekki er krafa um neyðarlýsingu eða leiðarmerkingar í byggingunni. Utanhúss skal vera almenn lýsing, þ.a. auðvelt sé að komast klakklaust frá húsi. Miða skal við a.m.k. 10 lúx við hús.

Rýming við eldsvoða
Tvær óháðar rýmingarleiðir eru frá öllum íbúðum. Viðmiðunarkröfur byggingarreglugerðar um göngulengdir flóttaleiða innan íbúða og vegalengdir á svalagangi eru uppfylltar. Hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra.

Klæðningar og einangrun
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss verða í flokki 1 K $_2$10 B-s1, d0 (flokkur 1). Gólfefni á flóttaleiðum skulu uppfylla lágmark flokk D $_{fl}$-s1.

Útveggir eru úr timbri og undirefni í klæðningu uppfylla a.m.k. flokk D-s2,d0. Dúkur innan loftbils skal uppfylla flokk B-s1,d0, t.d. Rothoblaas Traspir EVO 90, og vera festur á undirlagsplötu í flokki 1. Heilklætt verður undir svalaloft með klæðningum í flokki B-s1,d0. Svalaskilrúm verða með klæðningum í flokki B-s1,d0.

Þök verða úr timbri, einangruð með óbrennanlegri einangrun og klædd með klæðningu í flokki B $_{(roof)}$(t2) skv. ÍST EN 13501-5.

Aðeins skal notuð óbrennanleg einangrun í timburveggjum.

Brunahólfun
Brunahólfun er sýnd á teikningum. Hæðarskil skulu uppfylla REI90 og brunahólfun milli íbúða EI90. Svalir og svalagangur skulu hafa a.m.k. REI60 brunamótstöðu. Þak byggingar verður REI 60. Veggur útistiga sem snýr að svalagangi mun uppfylla a.m.k. E30. Svalaskilrúm milli íbúða skulu uppfylla a.m.k. E30.

Geymslubygging verður öll eitt brunahólf. Hurð að geymslu næst útistigahúsi verður EI $_2$30-CS$_a$ til að verja sérstaklega stigahús.

Loftræsing verður hönnuð og útfærð skv. gr. 9.6.14 í byggingarreglugerð.

Aðkoma og aðgerðir slökkviliðs
Byggingin verður í tæplega 1km fjarlægð frá slökkvistöðinni við Gunnarsbraut. Viðbragðstími er metinn undir 10 mínútum skv. síðast útgefinni brunavarnaáætlun fyrir Dalvíkurbyggð. Slökkvilið getur þurft að aðstoða við rýmingu frá svölum íbúða á 2. hæð. Gert er ráð fyrir að slökkviliðið reyklosi einstök rými um glugga og dyr.

Burðarvirki við bruna
Lóðrétt burðarvirki skulu almennt uppfylla R90, hæðaskil R90 og þakvirki/plötur R60. Burðarvirki sem styðja við EI90 brunahólfun skulu ávallt standast a.m.k. R90. Burðarvirki svala skulu uppfylla R60. Sýnt skal fram á með útreikningum burðarþolshönnuðar að burðarvirki bygginganna standist framangreindar kröfur.

Viðhald brunavarna
Gert er ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur um viðhald á handslökkvibúnaði í sameiginlegum rýmum.

ÖRUGG VERKFRÆÐISTOFA
Elvar Ingi Jóhannesson
Rafræn undirskrift
15.07.2022

Endurskoðun:

A:

B:

C:

Verk:	**Lokastígur 6**
Efni:	**Afstöðumynd og byggingarlýsing**

mælikvarði	1 : 500	frumstærð blaðs:	A2
teiknað:	BLS	verknr:	**2125**
yfirfarið	HÞ	dagsetn. útgáfu:	15.07.2022

M11 ARKITEKTAR

HUGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR
Arkitekt FAÍ · kt. 110972-3429
sími 862 6099
hugrun@m11.is

JÓN GRÉTAR MAGNÚSSON
Byggingafræðingur · kt. 010573-4679
sími 866 6099
jon@m11.is

1.00